

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

127. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 1. febrúar kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Mættir undirritaðir.

Fræðsluráð býður velkomna nýjan áheyrnarfulltrúa Sigrúnu Waage.  
Dagskrá.

Viðræður við skólastjóra grunnskóla (kl. 16.00)

1. Fyrirspurn frá foreldraráði varðandi seinni aksturs skólabíla frá Grunnskóla Húnaþings vestra.
2. Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti varðandi dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk 2012.
3. Samþykkt sveitastjórnar frá 12. janúar sl. varðandi forföll í Grunnskóla Húnaþings vestra.

Önnur mál.

4. Ársskýrsla Fjarnámsstofu Húnaþings vestra.
5. Samþykkt sveitarstjórnar um greiðslu fyrir fundarsetu.
6. Samþykkt sveitastjórnar frá 12. janúar sl. varðandi lokun í leikskólanum Ásgarði.
7. Almennur íbúafundur um væntanlegt dreifnám 2.febrúar
8. Dagur leikskólans 6. febrúar.
9. Kynning á fræðslu- og velferðarsviði.

Afgreiðslur.

1.Fræðsluráð felur formanni fræðsluráðs ásamt fræðslu- og félagsmálastjóra að skoða til hlítar hvar ábyrgð á nemendum liggur lagalega. Könnun var gerð á upplifun barna og foreldra vegna seinntíma aksturs. Niðurstöður þeirrar könnunar sýndu umtalsverða ánægju með þessa þjónustu og því ákveðið að festa seinntíma akstur í sessi. Ekki er áformuð önnur könnun.

2. Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytis varðandi dagsetningar á samræmdum prófum lagt fram til kynningar.

3. Samþykkt sveitastjórnar varðandi forföll lögð fram til kynningar.

4. Ársskýrsla Fjarnámsstofu lögð fram til kynningar.
5. Samþykkt sveitarstjórnar um greiðslu fyrir fundarsetu lögð fram til kynningar.
6. Kynning á almennum íbúafundi um væntanlegt dreifnám í Félagsheimilinu Hvammstanga klukkan 18.00 þann 2. febrúar þar sem fulltrúar frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra munu vera með kynningu og þeir ásamt fulltrúum sveitastjórnar munu svara fyrirspurnum. Fræðsluráð hvetur alla til að mæta.
7. Dagur leikskólans verður 6. febrúar næstkomandi og eru allir íbúar velkomnir í heimsókn þennan dag frá 9-11 og 13-14.15 til að kynnst starfi leikskólans. Leikskólinn hefur verið að gera breytingar í skólastarfinu út frá hugmyndafræði sem byggir á jákvæðri sálfræði.
8. Fræðsluráði kynntar breytingar sem hafa orðið í starfsmannahaldi og verkefnaskiptum á nýju fræðslu og velferðarsviði. Sæunn Sigvaldadóttir þroskaþjálfari og Ólafía Rósbjörg Ingólfsdóttir kennsluráðgjafi tóku til starfa 1. janúar síðastliðinn. Fræðsluráð býður þær velkomnar til starfa.

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir situr fundinn sem fulltrúi starfsfólks grunnskóla. Erla Björg Kristinsdóttir situr fundinn sem fulltrúi foreldra grunnskólabarna. Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttir, fræðslu-og félagsmálastjóra.

Fundargerð upplesin og samþykkt  
Rakel Runólfssdóttir(sign.),  
Gísli G.Magnússon(sign.),  
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),

Fundi slitið kl: 1704  
Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),  
Anna Birna Þorsteinsdóttir(sign.).  
Sigrún Waage(sign)